

AUGLÝSING

um staðfestingu reglna Þingvallanefndar um gestagjöld vegna afmarkaðra bílastæða innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Með vísan til 1. mgr. 7. gr. laga nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, sbr. e. lið 6. gr. reglugerðar nr. 848/2005 hefur forsætisráðherra staðfest reglur Þingvallanefndar um gestagjöld vegna afmarkaðra bílastæða innan þjóðgarðsins á Þingvöllum sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytinu, 7. júlí 2015.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Arnar Þór Másson.

Fylgiskjal.

REGLUR

um gestagjöld vegna afmarkaðra bílastæða innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

1. gr.

Gjöld fyrir bílastæði.

Greiða skal fyrir að leggja ökutækjum í afmörkuð gjaldskyld bílastæði innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Með ökutæki er átt við tæki á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru, sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori þ.m.t. ökutæki búíð aflvél til að knýja það áfram. Vísast til 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Með *bílastæðagjaldi* er átt við gestagjald/þjónustugjald til að mæta kostnaði og eftirliti við gjaldstæði.

Með *gjaldstæði* er átt við tiltekin afmörkuð bílastæði innan þjóðgarðsins á Þingvöllum þar sem ber að greiða bílastæðagjald.

Fyrir hvert ökutæki sem er lagt í gjaldstæði innan þjóðgarðsins á Þingvöllum ber að greiða:

| | |
|---|-----------|
| Einkabifreiðar | kr. 500 |
| Hópfarabílar fyrir 15 farþega eða fleiri | kr. 3.000 |
| Hópfarabílar fyrir 14 farþega eða færri | kr. 1.500 |
| Hópfarabílar/jeppar fyrir allt að 8 farþega | kr. 750 |

Óheimilt er að láta ökutæki standa lengur en í 24 klukkustundir samfellt í gjaldstæði.

2. gr.

Fyrirkomulag greiðslu o.fl.

Gjöld samkvæmt 1. gr. ber að inna af hendi á þeim stað og með þeim hætti sem Þingvallanefnd ákveður á hverjum tíma. Fyrirkomulag greiðslu skal tilgreint með skýrum hætti við gjaldstæði.

Ef ökutæki, þ.m.t. tengitæki og eftirvagn, hefur verið skilið eftir í gjaldstæði lengur en 24 klukkustundir samfellt án samþykkis þjóðgarðsvarðar er þjóðgarðsverði heimilt að láta fjarlægja viðkomandi ökutæki úr stæðinu á kostnað eiganda eða umráðamanns.

3. gr.

Viðurlög.

Brot á reglum þessum varða sektum og fangelsi ef sakir eru miklar, sbr. 9. gr. laga nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem samdar eru og samþykktar af Þingvallanefnd, eru hér með staðfestar samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum, sbr. e. lið 6. gr. reglugerðar nr. 848/2005 um þjóðgarðinn á Þingvöllum, verndun hans og meðferð. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2015